

Mánudaginn 28. janúar 1952.

Kærumálið nr. 1/1952.

**Hans A. H. Jónsson og Hermann Kjartansson**  
gegn

**Braga Dýrfjörð.**

Frávísunarkröfu hrundið.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðiljar hafa með kæru 10. desember 1951, er hingað barst 11. þ. m., kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 4. desember 1951, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu um vísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðiljum frá bæjarþinginu. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verða sóknaraðiljar dæmdir til að greiða varnaraðilja in solidum kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00, enda var málskot þetta algerlega ófyrirsynju.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Hans A. H. Jónsson og Hermann Kjartansson, greiði in solidum varnaraðilja, Braga Dýrfjörð, kr. 400.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

### **Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1951.**

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 26. f. m., hefur Bragi Dýrfjörð bifreiðarstjóri, Seyðisfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. apríl s.l., gegn Hans A. H. Jónssyni, Smiðjustíg 9, og Hermann Jartanssyni, Þórgötu 19, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að

fjárhæð kr. 13.542.90 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, er hann þann 23. apríl s. l. lét leggja á eignarhluta stefnda Hans í húsinu nr. 9 við Smiðjustíg hér í bænum til tryggingar kröfum þessum.

Stefndu hafa *adallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara hafa þeir krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum hafa þeir krafizt málskostnaðar.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna þann 26. f. m., og krafðist stefnandi þess, að henni yrði hrundið og stefndu dæmdir til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi var eigandi bifreiðarinnar F. 159. Vorið 1950 kom faðir stefnanda bifreiðinni til viðgerðar á bifreiðaverkstæði Vilhjálms Sveinssonar í Hafnarfirði. Í júnimánuði s. á. brutust stefndu inn í verkstæði þetta og stálu þá tveimur hjólbörðum ásamt hjólhringum undan bifreiðinni og rafmagnsgeymi hennar. Vilhjálmur Sveinsson tilkynnti stuld þenna lögreglunni í Hafnarfirði þann 23. júní s. á. Ekki tókst þá þegar að hafa upp á, hverjir valdir væru að verknaði þessum. Virðist stefnandi hafa tekið bifreiðina af verkstæðinu nokkru síðar og ekki hafa haft samband við nefndan Vilhjálm síðan. Í októbermánuði s. á. komst upp, að stefndu höfðu framið þjófnað þenna. Var mál þeirra rannsakað af sakadómaranum í Reykjavík. Þann 13. október kom nefndur Vilhjálmur fyrir lögreglurétt Reykjavíkur. Staðfesti hann skýrslu sína um þjófnaðinn, er hann hafði gefið lögreglunni í Hafnarfirði, og gerði kröfu til, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir hina stolnu muni, sem stefndu höfðu sumpart eyðilaggt og sumpart fleygt. Ekki var Vilhjálmur inntur eftir eignarheimildum að bifreiðinni F. 159 né hinum stolnu munum. Af ákærvaldsins hálfu var höfðað mál gegn stefndu vegna þjófnaðar þessa og fleira, og var þeim refsað fyrir verknað þenna með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 10. nóv. 1950. Stefndi Hans samþykkti skaðabótakröfu þá, sem að framan greinir, en stefndi Hermann mótmælti henni. Voru þeir dæmdir til að greiða margnefndum Vilhjálmi in solidum kröfu hans vegna þessa, kr. 1500.00. Þann 12. marz 1951 greiddi stefndi Hermann kr. 675.00 af dómkröfu þessari til Vilhjálms gegn fullnaðarkvittun af hans hendi. Þann 23. maí s.l. greiddi stefndi Hans sömu fjárhæð til Vilhjálms gegn fullnaðarkvittun.

Frávisunarkröfu sína byggja stefndu á því, að þegar hafi verið dæmt um bótaskyldu og bætur þeirra vegna þjófnaðar þessa. Verði því eigi höfðað nýtt mál um þetta efni, og beri því að vísa máli þessu frá dómi samkvæmt ákvæðum 195. gr. sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Kröfur sínar í þessum hluta málsins byggir stefnandi á því, að ekki hafi verið dæmt um kröfur hans á hendur stefndu, og sé því bæjarþingið bært að dæma um þær. Skaðabótakrafa Vilhjálms Sveinssonar, sem dæmd hafi

verið í aukarétti Reykjavíkur, sé honum með öllu óviðkomandi, enda hafi Vilhjálmur þessi ekki haft neina heimild til að gera skaðabótakröfu fyrir hann.

Margnefndur Vilhjálmur Sveinsson hefur skýrt svo frá, að er stefnandi tók bifreiðina af verkstæðinu, hafi hann sagt honum, að hann þyrfti ekki að greiða viðgerðarkostnaðinn í bili. Kveðst hann hafa ætlað að sjá til, hvort ekki hefðist upp á hjólbörðunum eða andvirði þeirra yrði greitt. Þá kveðst Vilhjálmur hafa rætt um mál þetta við Kristján Dýrfjörð, föður stefnanda, og skýrt honum frá, að hann ætlaði að gera skaðabótakröfu á hendur stefndu vegna töku hjólbarðanna og hafi Kristján á það fallizt. Síðan kveðst Vilhjálmur hafa gert skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 1500.00. Hafi hann tekið við bótunum. Viðgerðarkostnaðurinn á bifreiðinni hafi numið rúmum kr. 1500.00 og hafi hann tekið skaðabæturnar sem fulla greiðslu, en gefið stefnanda eftir það, sem fram yfir var þá fjárhæð. Hins vegar kveðst Vilhjálmur aldrei hafa rætt við stefnanda, eftir að hann tók bifreiðina af verkstæðinu.

Kristján Dýrfjörð, faðir stefnanda, kveðst hafa komið bifreiðinni til viðgerðar hjá nefndum Vilhjálmí. Hafi hann tekið ábyrgð á greiðslu viðgerðarkostnaðarins og samið um gjaldfrest á honum. Þá hefur Kristján skýrt svo frá, að Vilhjálmur hafi símað til hans og sagt honum frá því, að hann hafi verið boðaður á fund sakadómara vegna þjófnaðar á munum, er stolið hafi verið frá bifreiðinni. Hins vegar hafi Vilhjálmur ekki nefnt neitt um skaðabótakröfur vegna þjófnaðarins, og kveðst Kristján heldur ekki hafa haft neina heimild til að taka ákvarðanir um það atriði.

Svo sem að framan er rakið, hafa stefndu verið dæmdir í refsímáli til greiðslu skaðabóta vegna töku muna þeirra, er bæjarþingsmál þetta fjallar um. Hins vegar er bótakrefjandi í refsímálinu og stefnandi þessa máls ekki sami aðili. Hefur því krafa sú, sem uppi er höfð af stefnanda í bæjarþingsmálinu, ekki verið dæmd af hliðsettum dómstól. Koma því ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85 frá 1936 ekki hér til greina, og þar sem ekki verður séð, að málinu beri að frávísa af öðrum ástæðum, verður frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.